

Vesturbyggð  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 16. apríl 2020  
UST202004-123/H.H.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Ljósleiðari á Barðaströnd- framlenging á leyfi**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Vesturbyggðar, dagsett 15. apríl 2020, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins í Vatnsfirði.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 96/1975. Mannvirkjagerð og jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um framlengingu á leyfi sem Umhverfisstofnun veitti 31. maí 2019. Fyrirhugað er að ljúka við lagningu ljósleiðara um friðlandið. Sótt er um leyfi til að klára að grafa brunn við sumarhúsabyggðina við Flókalund í Vatnsfirði. Til að koma brunnum fyrir þarf að grafa 80 cm holu sem er 60 cm breið. Notast verður við litla beltagröfu við verkið. Stefnt er að því að hefja verkið um leið og frost fer úr jörðu.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og ásýnd svæðisins ásamt því að valda gestum svæðisins truflunum. Neikvæð áhrif framkvæmdarinnar séu hins vegar til skamms tíma sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu og leiðbeiningum um frágang og mótvægisáðgerðir. Hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með góðum frágangi og líklegt er að jarðvegur og gróður jafni sig fljótt.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Vesturbyggð fyrir sitt leyti leyfi fyrir framlengingu á fyrri leyfi innan friðlandsins í Vatnsfirði sbr. lýsingu hér að ofan og gildir hún frá 16. apríl – 1. júní 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis er heimilt að aka jarðýtu og beltavél eftir fyrirhugaðri ljósleiðaraleið skv. verklýsingu. Afmá skal ummerki eftir aksturinn að framkvæmdum loknum eins og kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og skal allur búnaður og úrgangur frá framkvæmdinni fjarlægður strax og framkvæmdum lýkur.
- Þar sem nauðsynlegt er að þvera göngustíga og/eða troðninga skal gengið frá svæðinu jafnóðum og strengur hefur verið lagður.
- Ganga skal jafnóðum frá svæðinu í kringum orlofsbyggð og Flókalund eftir að búið er að plægja niður strengin.
- Vinna skal fara fram á þeim tímum sólarhrings sem raskar ekki svefnró gesta á tjaldsvæði, orlofsbyggð eða á hótelinu.
- Farið verði eftir leiðbeiningum Landgræðslunnar og Umhverfisstofnunar um hvernig best sé að ganga frá þeim skemmdum sem urðu á svæðinu eftir framkvæmdirnar árið 2018.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú þegar innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.



Sigrún Agúsdóttir  
forstjóri

Virðingarfyllst



Edda Kristín Eiríksdóttir  
sérfræðingur